

Ed.

509. Frumvarp til laga

[188. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Fyrsta grein laganna orðist svo:  
Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 150 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 59/1964 var ríkisstjórninni heimilað að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að upphæð allt að 75 millj. kr. Heimilt var að verðtryggja þessi skuldabréf með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Bréf þessi voru boðin til sölu um mánaðamótin nóv.—des. 1964, og seldust þau upp á skömmum tíma.

Í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir yfirstandandi ár þarf að afla nokkurs lánsfjár til ýmissa framkvæmda.

Áf þessum sökum telur ríkisstjórnin rétt að leita með frv. þessu heimildar til að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 75 millj. kr. til viðbótar því, er upphaflega var heimilað í áður nefndum lögum, þannig að lántökuheimildin er þá alls orðin 150 millj. kr.

Gert er ráð fyrir, að vextir og afborganir af hinu nýja láni verði bundin vísitölu, en að öðru leyti verði lánskjörin ákveðin með hliðsjón af almennt gildandi lánskjörum í landinu. Búast má við, að vextir verði eitthvað lægri en var á láni því, sem boðið var út fyrir áramót, þar eð almenn vaxtalækkun hefur orðið síðan.